

BARRIER

GERÐ: BARRIER er tvíþátta, mjög sínkríkur epoxýgrunnur.

NOTKUNARVIÐ: Grunnur á sandblásið stál, má nota með flestum gerðum af vínýl- eða epoxýbundnum málningargerðum, til að auka endingu þeirra.

LITUR: Grár.

ÁFERÐ: Mött (0-35).

UNDIRBÚNINGUR: Sandblástur amk. Sa 2,5 (ISO 8501-1).

EFNISMEÐFERÐ: Blöndun efnis(rúmmál):

3 hlutar A og 1 hluti B. HRÆRIÐ BLÖNDU VEL SAMAN MEÐ BORVÉL 30 MÍNÚTUR FYRIR NOTKUN.

Ófullnægjandi hræsra dregur úr gæðum málningarfilmu. Mála má með pensli, rúllu eða sprautu.

NOTATÍMI: Um 24 klst. við 23°C eftir blöndun hluta A og hluta B.

AÐSTÆÐUR VIÐ MÁLUN: Flöturinn, sem mála á, skal vera 3°C yfir daggarmörkum loftsins og lágmark 5°C, við lægra hitastig lengist þurrktími verulega. Hræra skal stöðugt upp í dósinni, meðan á málun stendur til að koma í veg fyrir að þungt sínkduftið botnfalli.

YFIRMÁLUN: Eftir 2 klst. við 10°C breytilegt eftir efnisnotkun, hitastigi og öðrum aðstæðum.

EFNISNOTKUN: 4-20 m²/l í umferð, háð málunaraðferð og aðstæðum.

ÞYNNIR OG HREINSUN ÁHALDA: EPOXYÞYNNIR

Upplýsingar þessar eru samkvæmt okkar bestu vitund, sé ósamræmi til staðar skal útgáfa framleiðanda ráða. Mælt er með því að lesa tæknigagnablað (TDS) öryggisblaðið (SDS) og notkunarleiðbeiningar (AG) fyrir notkun þessarar vöru af heimasíðu www.jotun.com

Inniheldur: xylene; epoxy resin (number average molecular weight 700-1200)

Varúð. Eldfimur vökvi og gufa. Veldur húðertingu. Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð. Veldur alvarlegri augnertingu. Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif. Notið hlífðarhanska. Notið augn- eða andlitshlífar. Haldið frá hitagjöfum, heitum flötum, neistagjöfum, opnum eldi og öðrum íkveikivöldum. Reykingar bannaðar. Forðist losun út í umhverfið. Andið ekki að ykkur gufu. Safnið upp því sem hellist niður. Farið úr fötum, sem óhreinkast af efninu, og þvoið fyrir næstu notkun. BERIST EFNID Á HÚÐ: Þvoið með miklu vatni. Ef efnið ertir húð eða útbrot koma fram: Leitið lækni. BERIST EFNID Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram. Ef augnerting er viðvarandi: Leitið lækni. Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndum móttökuaðila.

